



Mikill samdráttur í utanríkisviðskiptum á öðrum ársfjórðungi

Útflutningur vöru og þjónustu nam 215,6 mö.kr. á öðrum fjórðungi ársins borið saman við 329 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Hann dróst því saman um 113,5 ma.kr., eða rúman þriðjung milli ára. Innflutningur vöru og þjónustu nam 221 mö.kr. á öðrum fjórðungi borið saman við 320,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Hann dróst því saman um 99,3 ma.kr., eða 31%. Halli af vöru- og þjónustuviðskiptum nam því 5,4 mö.kr. borið saman við 8,8 ma.kr. afgang á sama tíma í fyrra.

Varnarsigur þrátt fyrir viðsnúning úr afgangi í halla


Þrátt fyrir að afgangur síðasta árs hafi breyst í halla nú verður að telja um töluverðan varnarsigur að ræða. Útflutningur dróst mikið saman milli ára vegna Covid-19-faraldursins en mikill samdráttur innflutnings á sama tíma dró verulega úr neikvæðum áhrifum faraldursins á utanríkisviðskiptin á fjórðungnum.

Allir fjórir meginliðir utanríkisviðskipta, þ.e. útflutningur vöru og þjónustu annars vegar og innflutningur vöru og þjónustu hins vegar drógust saman milli ára. Mun meiri samdráttur var hins vegar á þjónustuliðunum en vöruuliðunum. Þannig dróst inn- og útflutningur þjónustu mun meira saman en inn- og útflutningur vara. Útflutningur þjónustu dróst saman um 99,7 ma.kr., eða 60%. Innflutningur þjónustu dróst saman um 52 ma.kr., eða 45,4%. Vöruútflutningur dróst saman um 13,8 ma.kr., eða 8,5%. Vöruinnflutningur dróst saman um 47,3 ma.kr., eða 23%.


Afgangur á þjónustuviðskiptum þrátt fyrir mikinn samdrátt í innlendri ferðaþjónustu

Afgangur af þjónustuviðskiptum nam 3,7 mö.kr. á öðrum fjórðungi borið saman við 51,4 ma.kr. afgang á sama tímabili í fyrra. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í innlendri ferðaþjónustu dró það mikið úr ferðalögum Íslendinga að enn mælist afgangur af þjónustujöfnuði. Halli á vöruviðskiptum dróst verulega saman milli ára og nam 42,6 mö.kr. í fyrra en 9,2 mö.kr. nú á öðrum ársfjórðungi. Minni halla

Inn- og útflutningur vara og þjónustu



Breyting í vöru- og þjónustuafgangi á F2 og framlag undirliða





af vöruviðskiptum má rekja til þess að innflutningur dróst meira saman að krónutölu en útflutningur.

Útflutningsverðmæti ferðaþjónustu dróst saman um 90% milli ára

Heildarútflutningsverðmæti þjónustu nam 166 mö.kr. og dróst saman um 99,7 ma.kr., eða 60%. Samdráttinn má að langmestu leyti rekja til samdráttar í ferðaþjónustu. Útflutningur ferðalaga dróst saman um 74,8 ma.kr., eða 91,3%. Útflutningur farþegaflutninga dróst saman um 31,9 ma.kr., eða 87,4%. Samanlagt drógust útflutningstekjur ferðaþjónustunnar því saman um 106,7 ma.kr., eða 90%. Fjöldi erlendra ferðamanna á öðrum ársfjórðungi var 7.902 og fækkaði þeim um 98,2% milli ára borið saman við 27,2% fækkun á fyrsta ársfjórðungi. Það sem dró úr samdrættinum í krónum talið var sú veiking sem varð á krónunni á öðrum ársfjórðungi vegna áhrifa faraldursins. Gengisvísitala krónunnar var 11,8% hærrí á öðrum ársfjórðungi en á sama tímabili í fyrra.



Þjónustuinnflutningur dróst saman um 45%

Verðmæti innfluttrar þjónustu nam 62,6 mö.kr. á öðrum fjórðungi borið saman við 113,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Samdrátturinn nemur því 50,6 mö.kr., eða 44,7%. Samdrátturinn skýrist nær eingöngu af minni ferðalögum Íslendinga til útlanda vegna ferðabannsins en sá liður dróst saman um 48,5 ma.kr., eða 84%, og er þá átt við samtölu bæði ferðalaga og kaupa Íslendinga á farmiðum frá erlendum flugfélögum. Brottfarir Íslendinga til útlanda námu tæplega 6,5 þúsund á öðrum fjórðungi og fækkaði þeim um 96,5% frá sama tímabili í fyrra.

Ferðaþjónustujöfnuður, þ.e. mismunur á útflutningi og innflutningi ferðalaga og farþegaflutninga, var jákvæður um 2,5 ma.kr. á öðrum fjórðungi en á sama tímabili í fyrra var hann jákvæður um 29 ma.kr. Afgangurinn dróst því saman um 26,9 ma.kr. milli ára.

Samdráttur í útflutningsverðmæti vöru skýrist helst af minna útflutningsverðmæti áls

Útflutningsverðmæti vöruútflutnings breyttist nokkuð milli ára. Vöruútflutningur nam 163 mö.kr. á öðrum ársfjórðungi í fyrra en 149,2 mö.kr. í ár. Hann dróst því saman um 13,8 ma.kr., eða 8,5%. Samdráttur í vöruútflutningi milli ára má skýra að Hagsjá






miklu leyti með samdrætti í útflutningsverðmæti áls. Það dróst saman um 6 ma.kr., eða 10,5%. Þann samdrátt má rekja bæði til lægra heimsmarkaðsverðs áls og minni útflutnings í tonnum talið. Útflutningur í tonnum talið dróst saman um 6,2% en heimsmarkaðsverð áls lækkaði um 16% milli ára. Á móti þessu vó veiking krónu gagnvart Bandaríkjadollar en verð á dollar var 15,2% hærra á öðrum fjórðungi í ár en á sama tíma í fyrra. Útflutningsverðmæti notaðra skipa dróst saman um 3,4 ma.kr. milli ára og útflutningsverðmæti sjávarafurða dróst saman um 1,1 ma.kr.

Vöruinnflutningur dróst saman um tæpan þriðjung á föstu gengi


Vöruinnflutningur nam 158,4 mö.kr. á öðrum ársfjórðungi borið saman við 205,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Hann dróst því saman um 47,3 ma.kr., eða um 23%. Samdráttur varð á flestum liðum innflutnings. Innflutningur eldsneytis og smurolíu dróst saman um 18,8 ma.kr., eða 72,1%. Það skýrist af minni eldsneytisnotkun, bæði vegna minni umferðar á landi en einnig vegna mikils samdráttar í flugi til og frá landinu. Innflutningur á flutningatækjum dróst saman um 16 ma.kr., eða 46%. Innflutningur fiskiskipa dróst saman um 6,6 ma.kr. og innflutningur flugvéla um 3,8 ma.kr. Innflutningur fólksbíla dróst saman um 3,5 ma.kr., eða 28%.

USD/tonn Heimsmarkaðsverð á áli



Heimild: Thomson Reuters

Breyting í vöruinnflutningi og framlag undirliða



Annar fjórðungur hvers árs

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

